

Alþingi
Erindi nr. P 125/1027
komudagur 14.3.2000

Reykjavík 10. mars 2000

Sjávarútvegsnefnd Alþingis
b.t. Björns Þorvaldssonar, nefndarritara

Hjálagðar eru umsagnir frá áhugahópi um auðlindir í almannabágu um fjögur þingmál, 172., 229., 230. og 249. mál 125. löggjafarþings, sbr. bréf nefndarritara dags. 11.feb.2000. Umsagnirnar eru í word97-skjölum nefndum ums172.doc, ums229.doc, ums230.doc og ums249.doc. Tvö fylgiskjöl eru með umsögn um 172. mál, tillaga.doc, sem í eru tillaga áhugahópsins um breytingar á lögum um stjórn fiskveiða og breytingar.doc sem í eru nógildandi lög með auðkenndum þeim breytingum sem tillaga áhugahópsins felur í sér.

Beðist er velvirðingar á drætti sem orðið hefur á innsendingu.

fh. Áhugahóps um auðlindir í almannabágu



Markús Möller

Sjávarútvegsnefnd Alþingis
Alþingi
150 Reykjavík

Umsögn um tillögu til þingsályktunar um afnotarétt nytjastofna á Íslandsmiðum
172. mál, 125. löggjafarþing, 1999-2000.

Áhugahópur um auðlindir í almannabágu fékk til umsagnar framangreinda þingsályktunartillögu Péturs Blöndal (þskj. 198) um skiptingu afnotaréttar á nytjastofnum. Tillagan snýst í raun um að skoða hugmyndina sem lýst er í 6. kafla langrar og ítarlegrar greinargerðar sem tillögunni fylgir. Sú hugmynd er vissulega gagnlegt innlegg inn í þá umræðu sem fara mun fram ef ákveðið verður að leiðrétta misréttið sem felst í núverandi úthlutun veiðiheimilda/aflahlutdeildar sem íslenska ríkið hefur forræði yfir. Því virðist sjálfsagt að vísa tillögunni til nefndar þeirrar, “endurskoðunarnefndarinnar”, sem nú er að störfum, enda gerir þingsályktunartillagan ráð fyrir að svo verði gert. Mælir hópurinn með því að tillagan verði samþykkt og þar með vísað til endurskoðunarnefndar.

Þar sem megininntak tillögunar er hugmyndin sem lýst er í 6. kafla greinargerðarinnar, er vert að fjalla örlítið nánar um hana. Meðal kostna hennar má telja eftirfarandi:

- 1) Hugmyndin fellur einkar vel að gildandi fiskveiðistjórnunarkerfi, sem gefist hefur vel.
- 2) Hún kallar ekki á meira eftirlit með löndun og aflaheimildum en núgildandi kerfi.
- 3) Viðskiptin, sem hún kallar á, falla prýðilega að hefðbundinni starfsemi verðbréfafyrirtækja og banka, og yrðu harla svipuð því sem hvort eð er má búast við að yrði ef núverandi fyrirkomulag úthlutunar næði þroska og yrði óumdeilt. Kostnaður af því að útfæra hugmyndina yrði því væntanlega tiltölulega lítill.

Síðasta atriðið er vert að skýra nokkru nánar. Skiptin á almennu aflahlutdeildunum sem lýst er á bls. 11 í greinargerðinni yfir í tegundahlutdeildir og síðan aflamagn yrði harla auðveld með þeim tæknibúnaði sem skráningarstofur hlutabréfa þurfa hvort er til að halda utan um hlutabréf.

- Heildaraflaheimildir hvers árs eru hliðstæðar hlutafélagi, og skráningarstofur verða augljóslega að vera undir það búnað að hlutafélögum sé skipt upp og mismunandi deildir gerðar að sjálfstæðum hlutafélögum. Skipting allsherjarafhlutdeildar í tegundahlutdeildir er sams konar aðgerð.
- Hverju hlutabréfi hlutafélags þarf að vera hægt að skipta upp ef hlutafi selur hlut sinn í pörtum til margra aðila, rétt eins og heildarkvóta hvernar tegundar þyrfti að skipta í marga hluti.


- Skiptin á aflahlutdeildum yfir í aflamark í byrjun veiðiársins er sams konar og útgáfa jöfnunarhlutabréfa.
- Þegar gengið væri úr skugga um að aflamark væri til fyrir lönduðum afla er það harla líkt því þegar hluthafi gerir tilkall til arðs eða atkvæðisréttar. Við löndun vísaði útgerð einfaldlega til aflamarks sem hún ætti skráð hjá skráningarstofu.

Enn fremur er vert að geta þess að sú aðgerð að greina heildarkvóta sundur í litla hluti ólíkrar gerðar er í rauninni eins konar spegilmynd af húsnæðislánakerfinu, þar sem skuldum margra mismunandi skuldara er pakkað saman í einsleit húsbréf. Tæknin er harla lík, vel þekkt og viðráðanleg og fagmenn og tæki þegar fyrir hendi. Vegna þess hve líkt ferlið er verðbréfamiðlun, yrðu samlegðaráhrif vafalaust mikil og líklegt að verðbréfafyrirtæki gætu tekið að sér kvótamiðlun með tiltölulega litlum viðbótarkostnaði. Hið sama á auðvitað við þá kvótamiðlun og viðskipti sem fara munu fram ef núverandi fyrirkomulag festist í sessi.

Vert er að benda á að möguleikar á útfærslu hugmyndarinnar að hluta með byggðakvóta (bls 6-7) eru mun sveigjanlegri en þar er beinlínis lýst og þá má augljóslega útfæra í hvaða mæli og til svo langs tíma sem æskilegt þykir. Hins vegar gæti verið fulldjúpt í árinna tekið að byggðakvóta sé illfært að úthluta til annarra en sveitarfélaga. Lítandi er á að afhenda hann fiskvinnslufyrirtækjum ársfjórðungslega í hlutfalli við ársverk unnin á þeirra vegum t.d. síðustu fjóra ársfjórðunga í byggðarlögum sem teldust illa stödd eftir nánar skilgreindum mælikvörðum.

Sem fyrr segir er það niðurstaða áhugahópsins, að margt mæli með samþykkt tillögunnar og þar með að henni verði vísað til nefndar um endurskoðun laga um stjórnun fiskveiða, en ekkert virðist mæla á móti því að svo verði gert. Hópurinn bendi hins vegar á að fleiri hugmyndir hafa verið lagðar fram sem vert væri að endurskoðunarnefndin fjallaði um. Hópurinn hefur lagt fram ítarlegar tillögur um breytingar á lögum um stjórn fiskveiða, sem fylgja hjálagt í tveimur fylgiskjölum. Þessar tillögur eru engu síður framkvæmanlegar en hugmyndirnar á þingskjali 198 og ná engu síður því markmiði að eyða þeirri tilefnislausu mismunun sem núverandi úthlutun veiðiheimilda felur í sér.

Fyrir hönd áhugahóps um auðlindir í almannabágu



Markús Möller

Áhugahópur um auðlindir í almannabágu

Fylgiskjöl með umsögn um tillögu til þingsályktunar um afnotarétt nytjastofna á Íslandsmiðum, 172. mál 125. löggjafarþings.

- I. Drög áhugahópsins að frumvarpi til laga um breytingar á lögum um stjórn fiskveiða nr. 38 1990, með síðari breytingum.
- II. Lög um stjórn fiskveiða með innrituðum breytingum skv. tillögum áhugahópsins. Skýringar á einstökum breytingum eru í fótnótum.

**Drög að frumvarpi til laga
um breytingar á lögum um stjórn fiskveiða
nr. 38 1990, með síðari breytingum**

1. gr.

Lokamálsliður 5. gr. laganna fellur brott.

2. gr.

6. gr. laganna fellur brott.

3. gr.

Orðin "eða krókamarks og veiðidagar ekki til sóknardaga" í síðari mgr. 6. gr. a í lögnum falla brott.

4. gr.

Eftirtaldar breytingar verða á 7. gr. laganna:

a. 2. mgr. orðast svo:

Veiðiheimildum á þeim tegundum, sem heildaraflí er takmarkaður af, skal ráðstafað til einstakra skipa. Aflahlutdeild skips nefnist sú hlutdeild af leyfðum heildarafla tegundarinnar sem skráð er á viðkomandi skip á hverjum tíma.

b. Í stað 3. mgr. koma tvær nýjar málsgreinar sem orðast svo:

Aflahlutdeild, sem skráð er á hvert fiskiskip í lok fiskveiðiárs, skal yfirfærð á nýtt fiskveiðiár að fjórum fimmtu hlutum. Sá fimmtungur aflahlutdeilda, sem þannig er óráðstafað, skal boðinn upp til sölu. Kvótapiing skal standa fyrir almennum uppboðum skv. þessari málsgrein. Ráðherra skal með reglugerð ákveða skilmála uppboðanna og setja nánari ákvæði um framkvæmd þeirra. Uppboð skulu fara fram í tæka tíð fyrir upphaf hvers fiskveiðiárs, þó þannig að tilboðum sé skilað eigi fyrr en 10. ágúst. Rétt til þátttöku í uppboðunum hafa eigendur þeirra skipa sem hafa veiðileyfi samkvæmt 5. gr. Í tilboðum skal taka fram fyrir hvaða skip tilboðin eru gerð. Þegar tilboðum er tekið skal taka tillit til ákvæða 11. gr. a.

Tekjur af uppboðum aflahlutdeilda renna í ríkissjóð.

c. Orðin "sbr. þó ákvæði 9. gr." í 4. mgr., sem verður 5. mgr., falla brott.

5. gr.

Eftirtaldar breytingar verða á 8. gr. laganna:

a. Á eftir orðunum "skal aflahlutdeild" í 1. mgr. kemur: í upphafi.

b. Í stað 2. mgr. koma tvær nýjar mgr. sem orðast svo:

Sé meðalafli á þeim þremur veiðitímabilum, sem veiðireynslan miðast við, lægri en sá heildarafli sem ætlunin er að heimila, skulu heildaraflahlutdeildir, sem ráðstafað er samkvæmt 1. mgr., vera jafnar hlutfalli meðalaflla síðustu þriggja veiðitímabila af leyfðum heildarafla. Þær aflahlutdeildir, sem þá er óráðstafað, skulu boðnar upp í samræmi við ákvæði 3. mgr. 7. gr.

Ákvæði þessarar greinar eiga aðeins við fyrsta veiðitímabilið eftir að veiðar eru takmarkaðar. Eftir það gilda almenn ákvæði 7. gr.

gr.

9. og 10. gr. laganna falla brott.

gr.

Eftirtaldar breytingar verða á 11. gr. laganna:

a. Í stað orðsins "úthluta" í 1. málslíð 1. mgr. kemur: ráðstafa.

b. 6. mgr. orðast svo:

Heimilt er að framselja aflahlutdeild skips að hluta eða öllu leyti og sameina hana aflahlutdeild annars skips, enda leiði flutningur aflahlutdeildar ekki til þess að veiðiheimildir þess skips, sem flutt er til, verði bersýnilega umfram veiðigetu þess. Tafarlaust skal leita staðfestingar Fiskistofu á að flutningur aflaheimildar sé innan

heimilaðra marka. Öðlast slíkur flutningur ekki gildi fyrr en staðfesting Fiskistofu liggur fyrir.

6. gr.

Í stað tveggja síðustu málslíða 11. gr. b í lögunum kemur nýr málslíður er orðast svo:
Í upphafi næsta fiskveiðiárs eftir lok frestsins skal skerðingin bætast við aflahlutdeildir sem boðnar eru upp samkvæmt ákvæðum 3. mgr. 7. gr.

7. gr.

12. gr. laganna orðast svo:

Heimilt er að færa aflamark milli skipa.

8. gr.

18. gr. fellur brott.

9. gr.

Ákvæði til bráðabirgða með lögunum, önnur en ákvæði XXII, falla brott.

10. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. september árið 2000.

Ákvæði 7. gr. öðlast þó þegar gildi. Sú skerðing aflahlutdeilda, sem 3. mgr. 7. gr. kveður á um, kemur fyrst til framkvæmda við upphaf fiskveiðiársins 2000/2001 og miðast við þær aflahlutdeildir sem hvert skip hefur í lok fiskveiðiársins 1999/2000.

Greinargerð með frumvarpi til breytinga á lögum um stjórn fiskveiða.

Almennar athugasemdir.

Greinargerð með tillögu til breytinga á lögum um stjórn fiskveiða

Í árslok árið 1983 voru gerðar breytingar á lögum um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands þar sem veiðar voru takmarkaðar við þau skip sem þá voru gerð út. Síðar voru sett fyllri lög um þessa takmörkun, síðast lög um stjórn fiskveiða nr. 38/1990, sem hefur þó verið breytt alloft síðar. Í upphafi gátu verið fyrir því rök að takmarka sókn í nytjastofna á Íslandsmiðum með þeim hætti sem gert var. Fáir ætluðu að það gjafakvótakerfi sem komið var á 1984 mundi haldast í meginatriðum óbreytt um langt árabil. Sú hefur þó orðið reyndin og afleiðingin hefur orðið gífurleg eignatilfærsla, byggðaröskun og mismunun borgaranna.

Hæstiréttur hefur í dómi sínum frá 3. desember 1998 í málinu Valdimar Jóhannesson gegn Íslenska ríkinu tjáð sig með þeim hætti að öllum má vera ljóst að til þess að virt verði meginsjónarmið stjórnarskrárinnar um atvinnufrelsi og jafnrétti borgaranna verður að breyta lögum um stjórn fiskveiða á þann veg að allir eigi jafnan aðgang og jafna möguleika til að stunda fiskveiðar. Dómstólum er ekki ætlað það hlutverk að setja lög. Þar sem niðurstaða Hæstaréttar liggur fyrir er það skylda löggjafans að sinna nú hlutverki sínu og setja ný lög um nýtingu nytjastofna á Íslandsmiðum þar sem gætt er jafnræðis og atvinnufrelsis.

Hér er lögð fram tillaga um breytingu á lögum um stjórn fiskveiða með áður greind sjónarmið að leiðarljósi til að sýna fram á það að hægt er að viðhalda fiskveiðistjórnkerfi en samrýma það kröfu um jafnræði og atvinnufrelsi þar sem eðlilegt tillit er tekið til almannahags og hagsmunaaðila. Með tillögunni er gjafapátturinn í núverandi kvótakerfi afnuminn í áföngum. Þótt æskilegt væri að gera fleiri breytingar á lögunum en hér eru lagðar til er mikilvægast að ná sátt um að hverfa frá gjafakvótakerfinu og því eru tillögurnar um lagabreytingar ekki víðtækari en nauðsyn krefur.

Markmið breytinganna

Fiskveiðum má stýra með margvíslegum hætti þannig að greindum réttlætiskröfrum sé fullnægt. Þær kröfur þurfa ekki að kollvarpa þeirri aðferð við stjórn fiskveiða sem felst í núverandi kvótakerfi, þ.e.a.s. því kerfi að heimild hvers fiskiskips til veiða sé

bundin ákveðnu aflamarki. Þessum tillögum um breytingar á lögum um fiskveiðar er ekki ætlað afnema kvótakerfið sem slíkt, heldur einvörðungu gjafabátt þess. Þetta er gert með einföldum breytingum á núgildandi lögum sem í senn varðveita kvótakerfið sem stjórnkerfi og tryggja jöfnuð milli þegnanna. Þannig er hægt að tryggja að lögin séu löguð að dómi Hæstaréttar frá 3. des. 1998 í máli Valdimars Jóhannessonar gegn íslenska ríkinu, mál nr. 145/1998, og með hliðsjón af dómi Héraðsdóms Vestfjarða í svonefndu Vatneyrarmáli, frá 5. janúar árið 2000, mál nr. S-107/1999.

Samkvæmt breytingartillögunum er aflamarkskerfinu að fullu viðhaldið.

Meginhugsun aflamarkskerfisins er að þeim heildarafla sem ráðlegt er talið að veiða af hverri tegund á ári hverju, ráðstafað til innlendra fiskiskipa. Í upphafi hvers fiskveiðiárs ræður því hvert fiskiskip yfir tilteknum aflaheimildum sem það hefur síðan fullan ráðstöfunarrétt yfir, annað hvort til eigin veiða eða til framsals til annarra skipa.

Til álita kæmi að gera breytingar til einföldunar á lögunum. Einkum lýtur þetta að niðurfellingu takmarkana á framsali og viðskiptum með aflaheimildir sem virðast óeðlilegar eftir að farið er að greiða fyrir aflaheimildirnar. Þetta er gert að mjög takmörkuðu leyti í þeim tillögum sem hér eru gerðar, en huga mætti að enn frekari einföldun.

Meginefni breytinganna


Eina meiri háttar efnisbreytingin í þessum tillögum er sú að aflaheimildir, eða réttara sagt hlutdeild í heildarafla, rýrni eða fyrnist samkvæmt ákveðnum reglum. Þeir sem vilja afla sér nýrra eða aukinna heimilda eða viðhalda rétti sínum þurfa þá að kaupa ný réttindi á uppboði sem gert er ráð fyrir að Kvótaþing sjái um.

Hér er lagt til að þær aflahlutdeildir, sem hvert fiskiskip hefur í lok hvers fiskveiðiárs, rýrni um fimmtung (20%) áður en kemur til endurúthlutunar þeirra í upphafi næsta fiskveiðiárs. Til þess að halda hlut sínum þarf því hvert fiskiskip að kaupa nýjar aflaheimildir sem nema fimmtungi aflaheimilda síðasta árs frá öðrum fiskiskipum eða á almennu uppboði.

Til einföldunar er fyrningin í upphafi hvers fiskveiðiárs ávallt reiknuð sem hlutfall af þeim heimildum sem í gildi eru við lok ársins á undan. Þetta er önnur aðferð en hefðbundin fyrning skv. skattalögum hér á landi, en slík hlutfallsleg fyrningarákvæði eru í skattalögum víða erlendis, t.d. í Noregi. Kosturinn er m.a. sá að ekki þarf að

halda utan um "aldur" heimildanna þegar til fyrningar kemur. Þetta ætti að auðvelda bæði framkvæmd laganna en ekki síður öll viðskipti með heimildirnar þar eða "varan" er þá öll af sama toga.

Hafa verður í huga að hlutfallsfyrning leiðir eðlilega til hægari fyrningar en sú línulega fyrningarregla sem tíðkast í íslenskum skattalögum. Þetta sést best á eftirfarandi samanburði á "virði" aflaheimilda annars vegar eftir hlutfallslegum og hins vegar "hefðbundnum" línulegum fyrningum. Í báðum tilvikum er reiknað með að hið árlega fyrningarhlutfall nemi 20% eins og lagt er til í þessum lagabreytingum. Með "virðinu" er hér átt við það hvað sú aflahlutdeild, sem nemur 1 einingu sem keypt er með fyrningarákvæðum, svarar til margra eininga ef hún væri hlutdeild til ráðstöfunar á einu og sama árinu:



Línuleg fyrning: Heildarvirði 3 árseiningar
 Hlutfallsleg fyrning: Heildarvirði 5 árseiningar

Þetta má einnig orða þannig að þegar keypt er ein eining aflahlutdeilda með 20% fyrningarákvæðum svarar það til þess að keypt sé ígildi fimm hlutdeildareininga í eitt ára eða einnar einingar í fimm ár. Markaðsvirði slíkra aflahlutdeilda ætti því að vera því sem næst fimmfalt gjald fyrir sama leigukvóta til eins árs; reyndar nokkru lægri ef tekið er tillit til ávöxtunar fjármagns.

Sýna má fram á að hin hlutfallslegu fyrningarákvæði með 20% fyrningu svara til þess sama og fæst með hefðbundinni línulegri fyrningu sem teygir sig yfir 9 ár. Með öðrum orðum er jafngildi milli línulegra fyrninga sem nema 20% og hlutfallslegra

fyrninga með um 100/9% eða u.þ.b. 11% á ári. Eftirfarandi mynd sýnir ferli aflahlutdeildar sem fyrnist með þessum tvennum hætti:

Framsal aflamarks og aflahlutdeildar

Samkvæmt tillögnum er gert ráð fyrir því að veiðiheimildir þær sem boðnar eru upp af opinberri hálfu séu allar af sama toga, þ.e.a.s. aflahlutdeildir með fyrningarákvæðum. Það eitt dugar ekki til að skapa nægilegan sveigjanleika í útgerð. Bæði þarf að vera unnt að losna við og fá aflamark innan eins árs en einnig að tryggja aflamark eða aflahlutdeildir til lengri tíma en hér um ræðir.

Af þessum sökum er framsal á aflahlutdeildum og aflamarki ekki takmarkað umfram það sem verið hefur. Æskilegt væri að afnema óþarfar takmarkanir á slíkum viðskiptum en hér er þó ekki gerð tillaga um það.

Kvótaviðskiptum er ætlað að skapa þann sveigjanleika sem á kann að skorta í hinum opinberu uppboðum, þar sem er í raun boðin upp ein tegund kvóta. En einmitt með því að hafa uppboðin einföld og stöðluð er tryggt að allir njóti jafnræðis.

Kvótamarkaðurinn er á hinn bóginn færari um það en opinberir uppboðshaldarar að skapa þann sveigjanleika sem þarf.

Aðgangur að veiðunum

Hér er ekki hróflað við þeim ákvæðum í 5. gr. fiskveiðistjórnarlaganna sem fjalla um aðgangur að veiðunum, sjálfum veiðiheimildunum, enda talið að sú grein fullnægi kröfum Hæstaréttar eftir breytingar sem gerðar voru með lögum í janúar 1999.

Í samræmi við þessi ákvæði er ekki heldur hróflað við því fyrirkomulagi að aflaheimildir séu bundnar við fiskiskip. Margir telja þetta óeðlilega takmörkun og benda t.d. á að það geti verið fiskvinnslu til hagsbóta að tryggja sér hráefni með því að ráða yfir aflaheimildum. Enn á ný skal vísað í þann megintilgang með þessari tillögugerð að hér er verið á benda á lágmarksbreytingar á fiskveiðistjórnarlögnum sem samrýmst geti sjónarmiðum um jafnræði og atvinnufrelsi eins og fram kemur í dómi Hæstaréttar. Því eru aðrar lagfæringar á lögnum hafðar í lágmarki og t.a.m. ekki hróflað við ákvæðinu um að binda heimildir við skip.

Aðlögunarákvæði

Lagt er til að núverandi handhafar aflaheimilda fái þá aðlögun sem felst í því að þeir þurfa ekki að afla sér veiðiheimilda í upphafi heldur aðeins að fyrningar þeirra hefjist fyrsta fiskveiðidagur eftir að lögin tækju gildi. Samkvæmt þeim útreikningum sem að framan greinir svarar þetta í raun til þess að þessir fyrri handhafar hafa sínar aflaheimildir algerlega óskertar í fjögur ár, þ.e.a.s. einu ári skemur en aflaheimildir sem boðnar yrðu upp í byrjun næsta fiskveiðidagur. Munurinn er sá að samkvæmt tillögnum er gert ráð fyrir að þær aflahlutdeildir sem nú eru skráð á skip fyrnist strax um 20% í upphafi nýs fiskveiðidagur, allt eins og gerast á æ síðan um aflaheimildir frá fyrri árum.

Þá er lagt til að hliðstæð aðlögun verði höfð þegar settar eru heildaraflatakmarkanir á tegundir í fyrsta sinn. Þá verði aflaheimildum í upphafi úthlutað ókeypis á grundvelli aflareynslu, en síðan hefjist fyrningar heimildanna eins og hjá öðrum.

Það kæmi til álita að veita þeim sem sannanlega hafa keypt sér aflahlutdeild fyrir uppkvaðningu dóms Hæstaréttar 3. des. 1998 frekari aðlögunartíma, t.d. 3 ár, þ.e.a.s. að fyrning á kvóta þeirra hefjist ekki fyrir en á fjórða fiskveiðidagur eftir gildistöku laganna. Ákvæði um þetta yrðu afar flókin ef taka ætti tillit til alls réttlætis, svo sem þess tíma sem liðin eru frá viðskiptunum eða þess að viðkomandi er í reynt að kaupa aflaheimildir sem hann hefur áður selt. Einföld ákvæði kynnu á hinn bóginn að vera ranglát í vissum tilvikum. Í samræmi við meginmarkmiðið um lágmarksbreytingar er því horfið frá slíku sérákvæði.

Sérákvæði um handfærabáta

Sérákvæði um smábáta eru í gildandi lögum og eru þau flókin og sértæk. Flest af ákvæðunum fjalla um aðlögun að breyttu fyrirkomulagi, sem verður lokið við næstu mót fiskveiðidagur. Eftir sitja þá einungis sérheimildir í 6. gr. fiskveiðistjórnarlaganna um handfæraveiðar smábáta. Eigi þetta ákvæði að haldast þarf til samræmis við meginmarkmiðið þessara tillagna að smíða ákvæði um fyrningu þessara sérheimilda og uppboð á nýjum heimildum. Þetta er vissulega mögulegt en ekki ýkja einfalt. Ákvæði þessa efnis kynnu í þessum tillögum að draga athyglina frá kjarna málsins: Uppboði á aflaheimildum. Því er ekki reynt að smíða slíkt sérákvæði heldur er tekin upp hugmynd í frumvarpi sjávarútvegsráðherra, 343. mál á löggjafarþinginu 1998-99, um aðlögun smábátaveiða að aflamarkskerfinu.

Bæði í upphaflegu frv. ráðherra svo og í gildandi lögum eru sérákvæði sem banna flutning aflahlutdeildar af bátum undir 6 brl. til stærri báta. Þessu ákvæði mætti viðhalda en þá þyrfti einnig að aðskilja uppboð á aflahlutdeildum á þann veg að hlutdeildir þessara smábáta væru boðnar upp sérstaklega. Ekkert er því til fyrirstöðu. En enn á ný er hér farin leið einfaldleikans og þessi sérákvæði felld út.

Ráðstöfun tekna af sölu aflaheimilda

Í tillögum þessum er ekki tekið á því hvernig ráðstafa eigi þeim tekjum sem ríkissjóður hefur af uppboði aflahlutdeilda, enda er það sjálfstætt úrlausnarefni og vafamál hvort það eigi heima í lögum um stjórn fiskveiða. Tekjunum mætti þó m.a. verja til hagsbóta þeim byggðarlögum og því fólki sem á meira undir fiskveiðum og fiskvinnslu en aðrir.

Aðrar lagabreytingar

Breyta þarf ákvæðum skattalaga í kjölfar þeirra breytinga á fiskveiðistjórnarlögunum sem hér er gerð tillaga um. Tryggja verður að greiðslur fyrir aflaheimildir séu taldar sem rekstrarkostnaður hjá útgerðinni. Jafnframt er sanngjarnt að þeir sem hafa þegar keypt aflahlutdeildir við framsal þeirra geti með eðlilegum hætti fyrnt þær greiðslur í samræmi við rýrnun þeirra samkvæmt hinum breyttum fiskveiðistjórnarlögum.

Athugasemdir við einstakar lagagreinar

Athugasemdir við einstakar breytingar er að finna í neðanmálgreinum í meðfylgjandi word-skjali þar sem lagatextinn er sýndur með útstrikunum og nýjum ákvæðum.

Lög um stjórn fiskveiða¹ með tillögum til breytinga

1990 nr. 38 15. maí

I. kafli.

Almenn ákvæði.

1. gr.

Nytjastofnar á Íslandsmiðum eru sameign íslensku þjóðarinnar. Markmið laga þessara er að stuðla að verndun og hagkvæmri nýtingu þeirra og tryggja með því trausta atvinnu og byggð í landinu. Úthlutun veiðiheimilda samkvæmt lögum þessum myndar ekki eignarrétt eða óafturkallanlegt forræði einstakra aðila yfir veiðiheimildum.

2. gr.

Til nytjastofna samkvæmt lögum þessum teljast sjávardýr, svo og sjávargróður, sem nytjuð eru og kunna að verða nytjuð í íslenskri fiskveiðilandhelgi og sérlög gilda ekki um.

Til fiskveiðilandhelgi Íslands telst hafsvæðið frá fjöruborði að ytri mörkum efnahagslögsögu Íslands eins og hún er skilgreind í lögum nr. 41 1. júní 1979, um landhelgi, efnahagslögsögu og landgrunn.

3. gr.

Sjávarútvegsráðherra skal, að fengnum tillögum Hafrannsóknastofnunarinnar, ákveða með reglugerð þann heildarafla sem veiða má á ákveðnu tímabili eða vertíð úr þeim einstökum nytjastofnum við Ísland sem nauðsynlegt er talið að takmarka veiðar á. Heimildir til veiða samkvæmt lögum þessum skulu miðast við það magn.

Leyfður heildarafla botnfisktegunda skal miðaður við veiðar á 12 mánaða tímabili, frá 1. september ár hvert til 31. ágúst á næsta ári, og nefnist það tímabil fiskveiðiár. Skal heildarafla fyrir komandi fiskveiðiár ákveðinn fyrir 1. ágúst ár hvert. Ráðherra er heimilt innan fiskveiðiársins að auka eða minnka leyfðan heildarafla einstakra botnfisktegunda, ...¹⁾ Heildarafla annarra tegunda sjávardýra skal ákveðinn með hæfilegum fyrirvara fyrir upphaf viðkomandi vertíðar eða veiðitímabils og er ráðherra heimilt að auka hann eða minnka á meðan vertíð eða veiðitímabil varir.

¹⁾L. 105/1996, 1. gr.

II. kafli.

Veiðileyfi og aflamark.

4. gr.

Enginn má stunda veiðar í atvinnuskyni við Ísland nema hafa fengið til þess almennt veiðileyfi. Veiðileyfi skulu gefin út til árs í senn.

...¹⁾

¹⁾L. 79/1997, 21. gr.

5. gr.

[Við veitingu leyfa til veiða í atvinnuskyni koma aðeins til greina þau fiskiskip sem hafa haffærisskírteini og skrásett eru á skipaskrá Siglingastofnunar Íslands eða sérstaka skrá stofnunarinnar fyrir báta undir 6 metrum. Skulu eigendur þeirra og útgerðir fullnægja skilyrðum til að stunda veiðar í

¹ Nýr texti er undirstrikaður, brott felldur texti er yfirstrikaður.

fiskveiðilandhelgi Íslands sem kveðið er á um í lögum um fjárfestingu erlendra aðila í atvinnurekstri og í lögum um veiðar og vinnslu erlendra skipa í fiskveiðilandhelgi Íslands. Á sama fiskveiðisári er þó aðeins heimilt að veita fiskiskipi eina gerð leyfis til veiða í atvinnuskyni, þ.e. veiðileyfi með almennu aflamarki, veiðileyfi með þorskaflahámarki, sbr. ákvæði til bráðabirgða I í lögum þessum, veiðileyfi með aflamarki sem úthlutað er samkvæmt ákvæði til bráðabirgða II í lögum þessum (krókaafلامarki) eða veiðileyfi með sóknardögum.¹⁾²

¹⁾L. 1/1999, 1. gr.

6. gr.³

[Bátar sem fá leyfi til handfæraveiða með dagatakörkunum skulu frá og með 1. september 2000 stunda veiðar samkvæmt ákvæðum þessarar greinar.

Þessum bátum er einungis heimilt að stunda veiðar á tímabilinu 1. apríl til [31. október]¹⁾ ár hvert. Þeim er einungis heimilt að stunda veiðar með handfærum. Þó er sjávarútvegsráðherra heimilt að veita þeim leyfi til að stunda veiðar á botndýrum og háfiskum með sérhæfðum veiðarfærum og til hrognkolsveiða í net.

Sameiginlegur hámarksþorskaflí þeirra báta sem stunda veiðar samkvæmt þessari grein skal á hverju fiskveiðisári vera sama hlutfall af 13,75% af heildarþorskafla hvers fiskveiðisárs og nam samanlagðri hlutdeild þessara báta í 21.000 lestum miðað við reiknað þorskaflahámarskv. 2. gr. laga nr. 83/1995, auk aflaheimilda sem úthlutað er samkvæmt ákvæði til bráðabirgða II í lögum nr. 1/1999.¹⁾ Fjöldi sóknardaga skal ákveðinn fyrir hvert fiskveiðisár, í fyrsta sinn fyrir fiskveiðisárið sem hófst 1. september 2000, með því að reikna meðalþorskafla á hvern leyfðan sóknardag næstliðins fiskveiðisárs og deila þeirri tölu í hámarksþorskafla þessara báta á fiskveiðisárinu. Sóknardögum skal fækka eða fjölga um heila daga og sleppa broti. Sóknardögum skal þó aldrei fækka um meira en [10%]¹⁾ milli fiskveiðisára.

Sóknardagur telst vera allt að 24 klst. frá upphafi veiðiferðar. Sóknardegi telst lokið þegar bátur landar afla. Ráðherra skal með reglugerð kveða nánar á um fyrirkomulag sóknardaga og eftirlit með þeim. Utan sóknardaga eru allar veiðar bannaðar. Ráðherra getur þó heimilað að veiðar samkvæmt lokamálslið 2. mgr. séu utan sóknardaga.

Heimilt er að flytja sóknardaga innan hvers fiskveiðisárs eða varanlega milli báta sem hafa leyfi til handfæraveiða með dagatakörkunum. Sé sá bátur sem sóknardagar eru fluttir til stærri, í brúttótonnum talið, en sá sem sóknardagar eru fluttir frá skal skerða flutta sóknardaga í hlutfalli við stærðarmun bátanna og sleppa broti. Þá skal með sama hætti fjölga sóknardögum sem fluttir eru til minni báts. Á sama hátt skal skerða sóknardagafjölda báts sem er stækkaður. Miða skal við stærð báta 1. janúar 1999. Óheimilt er að flytja hlutfallslega fleiri sóknardaga frá báti, umfram þá daga sem fluttir hafa verið til báts, en nemur hlutfallslegri nýtingu bátsins á úthlutuðum sóknardögum á fiskveiðisárinum 1996/1997 og 1997/1998. Í því sambandi skal miðað við meðaltal af sóknardaganýtingu fiskveiðisáranna. Séu sóknardagar fluttir frá báti skulu þeir sóknardagar sem báturinn hefur eftir flutninginn vera mismunur þess fjölda sóknardaga sem heimilt er að flytja frá bátinum og þeirra sóknardaga sem fluttir hafa verið, að teknu tilliti til sóknardaga sem fluttir hafa verið til bátsins. Tilkynna skal Fiskistofu fyrir fram um flutning sóknardaga milli báta og öðlast flutningurinn ekki gildi fyrir en Fiskistofa hefur staðfest hann.

Óheimilt er að veita bátum 6 brúttótonn eða stærri, sem ekki hafa haft leyfi til handfæraveiða með dagatakörkunum, leyfi til að stunda veiðar samkvæmt þessari grein. Þá er óheimilt að stækka bát sem hefur leyfi til handfæraveiða með dagatakörkunum þannig að hann verði 6 brúttótonn eða stærri.²⁾

¹⁾L. 9/1999, 1. gr. ²⁾L. 1/1999, 2. gr.

[6. gr. a.

Heimilt er án sérstaks leyfis að stunda fiskveiðar í tómstundum til eigin neyslu. Slíkar veiðar er einungis heimilt að stunda með handfærum án sjálfvirkniþúnaðar. Afla, sem veiddur er samkvæmt heimild í þessari málsgrein, er óheimilt að selja eða fénytá á annan hátt.

² Öll sérákvæði um veiðar smábáta eru felld brott, sbr. greinargerð.

³ Þessi grein tekur einungis til sérákvæða um veiði handfærabáta. Til einföldunar er lagt til að hún falli brott en eigi að viðhalda efni hennar þarf að setja inn ákvæði um uppboð á slíkum sérrettindum.

Ráðherra er heimilt að ákveða árlega að á tilteknum fjölda opinberra sjóstangaveiðimóta teljist afli ekki til aflamarks [~~eða krókaafلامarks~~]⁷ og veiðidagar ekki til sóknardaga⁴, enda sé aflinn einungis fénýttur til að standa straum af kostnaði við mótshaldið.]²

¹L. 1/1999, 3. gr. ²L. 105/1996, 4. gr.

7. gr.⁵

Veiðar á þeim tegundum sjávardýra, sem ekki sæta takmörkun á leyfilegum heildarafla skv. 3. gr., eru frjálssar öllum þeim skipum, sem leyfi fá til veiða í atvinnuskyni skv. 4. gr., með þeim takmörkunum sem leiðir af almennum reglum um veiðisvæði, veiðarfæri, veiðitíma og reglum settum skv. 2. mgr. 4. gr.

Veiðiheimildum á þeim tegundum, sem heildarafl er takmarkaður af, skal úthlutað ráðstafað til einstakra skipa. Skal hverju skipi úthlutað tiltekinni Aflahlutdeild skips nefnist sú hlutdeild af leyfðum heildarafla tegundarinnar sem skráð er á viðkomandi skip á hverjum tíma. Nefnist það aflahlutdeild skips og helst hún óbreytt milli ára, sbr. þó 34. málsl. þessarar málsgreinar.⁶

[Áður en leyfðum heildarafla er skipt á grundvelli aflahlutdeilda skal draga eftirtalinn afla frá:

1.

[~~Áætlaðan afla bátá sem stunda veiðar með dagatakmörkunum.~~]^{1), 2}

2.

...

3.

[~~Aflaheimildir sem nota skal til jöfnunar, sbr. 9. gr.~~]^{3), 8}

Aflahlutdeild, sem skráð er á hvert fiskiskip í lok fiskveiðiárs, skal yfirfærð á nýtt fiskveiðiár að fjórum fimmtu hlutum. Sá fimmtungur aflahlutdeilda, sem þannig er óráðstafað, skal boðinn upp til sölu. Kvótaping⁹ skal standa fyrir almennum uppboðum skv. þessari málsgrein. Ráðherra skal með reglugerð ákveða skilmála uppboðanna og setja nánari ákvæði um framkvæmd þeirra. Uppboð skulu fara fram í tæka tíð fyrir upphaf hvers fiskveiðiárs, þó þannig að tilboðum sé skilað eigi fyrir en 10. ágúst. Rétt til þátttöku í uppboðunum hafa eigendur þeirra skipa sem hafa veiðileyfi samkvæmt 5. gr. í tilboðum skal taka fram fyrir hvaða skip tilboðin eru gerð. Þegar tilboðum er tekið skal taka tillit til ákvæða 11. gr. a.¹⁰

Tekjur af uppboðum aflahlutdeilda renna í ríkissjóð.

Aflamark skips á hverju veiðitímabili eða vertíð ræðst af leyfðum heildarafla viðkomandi tegundar og hlutdeild skipsins í þeim heildarafla skv. 2. mgr., sbr. þó ákvæði 9. gr.¹¹ Skal [Fiskistofa]⁴ senda sérstaka tilkynningu vegna hvers skips um aflamark þess í upphafi veiðitímabils eða vertíðar.

¹L. 1/1999, 4. gr. ²L. 105/1996, 5. gr. ³L. 87/1994, 3. gr. ⁴L. 36/1992, 6. gr.

⁴ Smábátaákvæði.

⁵ Meginbreytingin á lögnum er á þessari lagagrein.

⁶ Aflahlutdeildin á ekki að haldast óbreytt á milli ára, heldur fynast samkvæmt ákvæðum síðar í þessari lagagrein.

⁷ Smábátaákvæði.

⁸ Lagt er til að 9. gr. falli út, sjá síðar.

⁹ Sé þetta falið Kvótapingi þarf hugsanlega að breyta ákvæðum laga um það. Einnig væri hugsanlegt að fela verkefnið Ríkiskaupum eða Fiskistofu, sem kynni þó að stangast á við eftirlitshlutverk stofunnar.

¹⁰ Hér er að sjálfsögðu meginefni umræddra breytingartillagna. Í stað þess að setja nákvæm ákvæði um fyrirkomulag uppboða er ráðherra veitt heimild til að setja reglugerð þar um. Að fenginni nokkurri reynslu kæmi til álita að lögbinda frekari ákvæði um uppboðin. Ákvæði um tímamörk taka mið af 3. gr. laganna.

¹¹ Lagt er til að 9. gr. falli út.

8. gr.

Verði veiðar takmarkaðar skv. 3. gr. á tegundum sjávardýra sem samfelld veiðireynsla er á, en ekki hafa áður verið bundnar ákvæðum um leyfðan heildarafla, skal aflahlutdeild í upphafi úthlutað á grundvelli aflareynslu síðustu þriggja veiðitímabila.

Sé meðalafli á þeim þremur veiðitímabilum, sem veiðireynslan miðast við, lægri en sá heildaraflí sem ætlunin er að heimila, skulu heildaraflahlutdeildir, sem ráðstafað er samkvæmt 1. mgr., vera jafnar hlutfalli meðalafla síðustu þriggja veiðitímabila af leyfðum heildarafla. Þær aflahlutdeildir, sem þá er óráðstafað, skulu boðnar upp í samræmi við ákvæði 3. mgr. 7. gr.

Ákvæði þessarar greinar eiga aðeins við fyrsta veiðitímabilið eftir að veiðar eru takmarkaðar. Eftir það gilda almenn ákvæði 7. gr.

Ef ekki er fyrir hendi samfelld veiðireynsla á viðkomandi tegund skal ráðherra ákveða aflahlutdeild einstakra skipa. Getur hann við þá ákvörðun tekið mið af fyrri veiðum, stærð eða gerð skips. Getur ráðherra bundið úthlutun samkvæmt þessari málsgrein því skilyrði að skip afsali sér heimildum til veiða á öðrum tegundum.¹²

9. gr.¹³

[Á hverju fiskveiðidári skulu aflaheimildir af botnfiski, er nema 12.000 þorskgildum í lestum talið, vera til ráðstöfunar til að mæta áföllum sem fyrisjáanleg eru vegna verulegra breytinga á aflamarki einstakra tegunda. Skal þessum aflaheimildum skipt milli botnfisktegunda í hlutfalli við leyfðan heildarafla af einstökum tegundum og verðmætahlutföll sem ráðherra ákveður.

Skal ráðherra árlaga ákveða með reglugerð ráðstöfun þessara heimilda þannig að þær nýtist útgerðum þeirra skipa sem fyrir mestri skerðingu hafa orðið.

Sé aflaheimildum ekki ráðstafað til uppbóta samkvæmt þessari grein bætast þær við heildaraflamark viðkomandi tegunda og koma til úthlutunar í samræmi við aflahlutdeild einstakra skipa.]¹³

¹²L. 87/1994, 4. gr.

10. gr.¹⁴

Heimilt er að veiða umfram úthlutað aflamark af tiltekinni botnfisktegund allt að 5% af heildarverðmæti botnfiskaflamarks, enda skerðist aflamark annarra botnfisktegunda hlutfallslega miðað við verðmæti samkvæmt ákvörðun ráðuneytis í upphafi árs. Heimild þessarar málsgreinar nær þó ekki til veiða umfram úthlutað aflamark af þorski.

Hafi aflamark verið flutt milli skipa skv. 12. gr. flyst heimild til breytinga skv. 1. mgr. frá skipi sem flutt er af til þess skips sem flutt er til.

[Heimilt er að flytja allt að 20% af aflamarki hverrar botnfisktegundar og aflamarki úthafs-rækju, humars og síldar, [10% af aflamarki hörpudisks og 5% af aflamarki innfjarðarrækju]¹⁴ frá einu fiskveiðidári yfir á það næsta.]¹⁴

[Þá er heimilt að veiða 5% umfram aflamark hverrar botnfisktegundar, síldar og úthafs-rækju og 3% umfram aflamark innfjarðarrækju og hörpudisks, enda dregst sá umframafli frá við úthlutun aflamarks næsta fiskveiðidárs á eftir.]¹⁴

Beita skal skerðingar ákvæðum 1. mgr. áður en heimild 3. mgr. er nýtt. Heimild 4. mgr. rýmkar ekki heimildir til breytinga milli fisktegunda skv. 1. mgr....¹⁴ Ráðherra getur ákveðið með reglugerð að fiskur undir tiltekinni stærð teljist aðeins að hluta með í aflamarki.

Þá getur ráðherra ákveðið að afli á ákveðnum fisktegundum, sem fluttur er óunninn á erlendan markað, skuli reiknaður með álagi þegar metið er hversu miklu af aflamarki skips er náð hverju sinni. Skal álagið vera allt að 20% á þorsk og ýsu en allt að 15% á aðrar tegundir.

¹² Hér er meginreglana sú að menn eigi í upphafi að njóta veiðireynslu sinnar. Í stað almennra orða um það í gildandi lögum hvað gera skuli þegar veiðireynsla er takmörkuð eru hér sett skýr ákvæði.

¹³ Óþarft eftir að aflaheimildir eru komnar í almennt uppboð. Þó væri meinlaust að viðhalda ákvæðinu.

¹⁴ Óþarft eftir að aflaheimildir eru komnar í almennt uppboð. Þó væri meinlaust að viðhalda ákvæðinu.

11. gr.

Sé rekstri skips hætt, sbr. ...¹⁾ 5. gr., skal útluta ráðstafa nýju eða nýkeyptu skipi í eigu sama aðila aflahlutdeild hins eldra skips, enda sé um sambærilegt skip að ræða. Farist skip skal útgerð þess halda aflamarki skipsins í 12 mánuði talið frá upphafi næsta mánaðar eftir að skip fyrst enda þótt nýtt eða nýkeypt skip hafi ekki komið í þess stað innan þess tíma.

Við eigendaskipti að fiskiskipi fylgir aflahlutdeild þess, nema aðilar geri sín á milli skriflegt samkomulag um annað, enda sé fullnægt ákvæðum 3. og 4. mgr. þessarar greinar.

Eigi að selja fiskiskip, sem leyfi hefur til veiða í atvinnuskyni, til útgerðar sem heimilisfesti hefur í öðru sveitarfélagi en seljandi á sveitarstjórn í sveitarfélagi seljanda forkaupsrétt að skipinu. Forkaupsréttur skal boðinn skriflega þeirri sveitarstjórn sem hlut á að máli og söluverð og aðrir skilmálar tilgreindir á tæmandi hátt. Sveitarstjórn skal svara forkaupsréttartilboði skriflega innan fjögurra vikna frá því henni berst tilboð og fellur forkaupsréttur niður í það sinn sé tilboði ekki svarað innan þess frests.

Neyti sveitarstjórn forkaupsréttar skv. 3. mgr. þessarar greinar skal hún þegar gefa útgerðaraðilum, sem heimilisfesti eiga í sveitarfélaginu, kost á að kaupa skipið og skal opinberlega leita tilboða í það.

Sé skipi ráðstafað andstætt ákvæðum þessarar greinar um forkaupsrétt getur forkaupsréttarhafi krafist þess að salan verði ógild enda sé málsókn hafin innan sex mánaða frá því að hann fékk vitneskju um sölu. Forkaupsréttur gildir ekki sé skip selt á opinberu uppboði. Ákvæði þessarar greinar um forkaupsrétt gilda ekki við sölu opinna báta.

Heimilt er að framselja aflahlutdeild skips að hluta eða öllu leyti og sameina hana aflahlutdeild annars skips, enda leiði flutningur aflahlutdeilda ekki til þess að veiðiheimildir þess skips, sem flutt er til, verði bersýnilega umfram veiðigetu þess. [Aflahlutdeild sem stafar af ákvæði til bráðabirgða II í lögum þessum (krókaaflahlutdeild) verður aðeins flutt til báts sem er undir 6 brl. eða 6 brúttótonnum.]²⁾ Tafariðlast skal leita staðfestingar [Fiskistofu]³⁾ á að flutningur aflaheimilda sé innan heimilaðra marka. Öðlast slíkur flutningur ekki gildi fyrir en staðfesting [Fiskistofu]³⁾ liggur fyrir. Ekki er heimilt að framselja þann hluta aflahlutdeilda skips, sem rekja má til uppóta samkvæmt ákvæði I til bráðabirgða, fyrir en að liðnum fimm árum frá gildistöku laga þessara, enda hafi skipi, sem framselt er af, verið haldið til veiða allt það tímabil.⁴⁾

¹⁾L. 133/1997, 2. gr. ²⁾L. 1/1999, 5. gr. ³⁾L. 36/1992, 8. gr.

[11. gr. a.¹⁷⁾

Þrátt fyrir ákvæði 2. mgr. 7. gr. og 11. gr. má samanlögð aflahlutdeild fiskiskipa í eigu einstakra aðila, einstaklinga eða lögaðila, eða í eigu tengdra aðila aldrei nema hærra hlutfalli af heildaraflahlutdeild eftirtalinna tegunda en hér segir:

Tegund	Hámarks- aflahlutdeild
Þorskur	10%
Ýsa	10%
Ufsi	20%
Karfi	20%
Grálúða	20%
Síld	20%

¹⁵⁾ Til einföldunar er lagt til að sérákvæði um handfærabáta falli brott, eins og fyrir segir.

¹⁶⁾ Þessi uppboðarákvæði voru tímabundin og eru úr sögunni og ástæðulaust að takmarka framsal þeirra nú.

¹⁷⁾ Eftir að útgerðarmenn eru farnir að kaupa aflaheimildir sínar fullu verði er ekki ástæða til að takmarka ráðstöfun á þeim réttindum sem þeir hafa aflað sér gegn fullri greiðslu. Á hinn bóginn spillir það lítt fiskveiðistjórnarþætti þessa kerfis að láta þessi ákvæði haldast, ef það er talið skynsamlegt af pólitískum ástæðum.

Loðna	20%
Úthafsærkja	20%

Nemi heildarverðmæti aflamarks annarra tegunda en að ofan greinir, sem sæta ákvörðun um leyfðan heildarafla samkvæmt lögum þessum, við upphaf fiskveiðiárs hærra hlutfalli en 2% af heildarverðmæti aflamarks allra tegunda, sem sæta ákvörðun um leyfðan heildarafla, má samanlögð aflahlutdeild fiskiskipa í eigu einstakra aðila, einstaklinga eða lögaðila, eða í eigu tengdra aðila aðrei nema hærra hlutfalli af heildaraflahlutdeild viðkomandi tegunda en 20%. Skal ráðherra við upphaf fiskveiðiárs tilgreina í reglugerð þær tegundir sem um er að ræða. Við mat á heildarverðmæti aflamarks skal annars vegar miða við hlutfallslegt verðmæti einstakra tegunda á viðkomandi fiskveiðiári eða veiðitímabili, sem ákveðið er af sjávarútvegsráðuneytinu, og hins vegar úthlutað aflamark einstakra tegunda á tímabilinu.

Þá má samanlögð aflahlutdeild fiskiskipa í eigu einstakra aðila, einstaklinga eða lögaðila, eða í eigu tengdra aðila ekki nema meira en 8% af heildarverðmæti aflahlutdeildar allra tegunda sem sæta ákvörðun um leyfðan heildarafla, samkvæmt lögum þessum og 5. gr. laga nr. 151/1996. Við mat á heildarverðmæti aflahlutdeildar skal annars vegar miða við hlutfallslegt verðmæti einstakra tegunda á viðkomandi fiskveiðiári eða veiðitímabili, sem ákveðið er af sjávarútvegsráðuneytinu, og hins vegar úthlutað aflamark einstakra tegunda á tímabilinu.

Til aflahlutdeildar fiskiskipa í eigu einstakra aðila skv. 1., 2. og 5. mgr. telst einnig aflahlutdeild fiskiskipa sem aðilar hafa á kaupleigu eða leigu til sex mánaða eða lengur.

Tengdir aðilar teljast:

1. Aðilar, þar sem annar aðilinn, einstaklingur eða lögaðili, á beint eða óbeint meiri hluta hlutfjár eða stofnfjár í hinum aðilanum eða fer með meiri hluta atkvæðisréttar. Fyrirnefndi aðilinn telst móðurfyrirtæki en hinn síðarnefndi dótturfyrirtæki.
2. Aðilar, þar sem annar aðilinn, einstaklingur eða lögaðili, hefur með öðrum hætti en greinir í 1. tölul. raunveruleg yfirráð yfir hinum. Fyrirnefndi aðilinn telst móðurfyrirtæki en hinn síðarnefndi dótturfyrirtæki.
3. Lögaðilar, þar sem svo háttar til að sami aðili eða sömu aðilar, einstaklingar eða lögaðilar, eða tengdir aðilar skv. 1. eða 2. tölul., eiga meiri hluta hlutfjár, stofnfjár eða atkvæðisréttar í báðum eða öllum lögaðilunum enda nemi eignarhlutur hvers þeirra um sig a.m.k. 10% af hlutfé, stofnfé eða atkvæðafjölda í viðkomandi lögaðilum. Sama á við ef aðili eða aðilar, einstaklingar eða lögaðilar eða tengdir aðilar skv. 1. eða 2. tölul., sem eiga meiri hluta hlutfjár, stofnfjár eða atkvæðisréttar í lögaðila og hver um sig á a.m.k. 10% hlutfjár, stofnfjár eða atkvæðisréttar í lögaðilanum, eiga ásamt viðkomandi lögaðila meiri hluta hlutfjár, stofnfjár eða atkvæðisréttar í öðrum lögaðila. Til eignarhluta og atkvæðisréttar einstaklinga í lögaðilum samkvæmt þessum tölulíð telst jafnframt eignarhluti og atkvæðisréttur maka og skyldmenna í beinan legg.

Þrátt fyrir ákvæði 2. mgr. má samanlögð aflahlutdeild fiskiskipa í eigu einstakra lögaðila, eða tengdra aðila, nema allt að 12% af heildarverðmæti aflahlutdeildar allra tegunda skv. 2. mgr., eigi enginn aðili, einstaklingur eða lögaðili eða tengdir aðilar, meira en 20% af hlutfé, stofnfé eða atkvæðisrétti í viðkomandi lögaðila. Engar hömlur mega vera á viðskiptum með eignarhluta í viðkomandi lögaðilum. Til eignarhluta og atkvæðisréttar einstaklinga í lögaðilum samkvæmt þessari málsgrein telst einnig eignarhluti og atkvæðisréttur maka og skyldmenna í beinan legg. Ef um tengda aðila er að ræða þurfa báðir eða allir að fullnægja skilyrðum þessarar málsgreinar. Það á þó ekki við um eignarhlut móðurfyrirtækis í dótturfyrirtæki. Samvinnufélög teljast fullnægja skilyrðum þessarar málsgreinar ef félagsaðilar þeirra eru 100 eða fleiri.¹⁾

¹⁾L. 27/1998, 1. gr.

[11. gr. b.

Aðila ber, þegar fyrirsjáanlegt er að aflahlutdeild fiskiskipa aðila fari umfram þau mörk sem sett eru í 1., 2. eða 5. mgr. 11. gr. a, að tilkynna Fiskistofu flutning aflahlutdeilda, samruna lögaðila sem eiga fiskiskip með aflahlutdeild, kaup á eignarhlut í slíkum lögaðilum og kaup, kaupleigu eða leigu á fiskiskipi með aflahlutdeild. Þegar um tengda aðila er að ræða skv. 1. og 2. tölul. 4. mgr. 11. gr. a hvílir tilkynningarskyldan á móðurfyrirtæki en annars á þeim aðila er að gerningnum stendur. Þá ber lögaðilum, sem eiga fiskiskip með aflahlutdeild, að láta Fiskistofu reglubundið í té upplýsingar um eignarhluta allra þeirra sem eiga 10% eða meira af hlutfé, stofnfé eða atkvæðisrétti í viðkomandi lögaðila. Jafnframt skal veita upplýsingar um eignarhluta einstaklinga og maka þeirra og skyldmenna í beinan legg sé samanlagður eignarhluti eða atkvæðisréttur þeirra 10% eða meira af hlutfé, stofnfé eða

atkvæðisrétti í viðkomandi lögaðila. Lögaðilum, sem eiga fiskiskip með aflahlutdeild, ber enn fremur að upplýsa Fiskistofu um lögaðila sem þeir eiga eignarhlut eða atkvæðisrétt í og eiga fiskiskip með aflahlutdeild.

Fiskistofa skal meta þær upplýsingar sem aðili hefur látið í té og innan hæfilegs frests tilkynna aðila hver aflahlutdeild fiskiskipa hans er. Ef aflahlutdeild fiskiskipa í eigu einstakra aðila eða tengdra aðila fer umfram framangreind mörk skal Fiskistofa tilkynna viðkomandi aðila að svo sé og hve há umframafhlutdeild hans er. Aðila skal veittur sex mánaða frestur, frá því að honum sannanlega barst tilkynningin, til að gera ráðstafanir til að koma aflahlutdeildinni niður fyrir mörkin. Hafi aðili ekki veitt Fiskistofu upplýsingar um að fullnægjandi ráðstafanir hafi verið gerðar fyrir lok frestsins fellur umframafhlutdeildin niður. Skerðist þá aflahlutdeild fiskiskipa í eigu viðkomandi hlutfallslega miðað við einstakar tegundir. Við úthlutun aflahlutdeilda í upphafi næsta fiskveiðisárs eftir lok frestsins skal skerðingin koma til hækkunar bæst við uppboð aflahlutdeilda samkvæmt ákvæðum 3. mgr. 7. gr. aflahlutdeilda fiskiskipa í eigu annarra. Hækkunin skal vera í réttu hlutfalli við aflahlutdeild fiskiskipanna af þeim tegundum sem um ræðir.^{17,18}

¹⁷L. 27/1998, 2. gr.

12. gr.

[Heimilt er að færa aflamark milli skipa. ...¹⁹

¹⁹ Heimilt er að flytja aflamark milli skipa án undangenginna viðskipta á Kvótapingi í eftirtöldum tilvikum:

1. Þegar aflamark er flutt milli skipa í eigu sama aðila, einstaklings eða lögaðila.
2. Þegar um er að ræða jöfn skipti miðað við meðaltalsviðskiptaverð viðkomandi tegunda á Kvótapingi í síðastliðinni viku.
3. Þegar um er að ræða flutning aflamarks af tegund sem ráðherra hefur með reglugerð undanþegið viðskiptaskyldu á Kvótapingi. Forsenda slíkrar undanþágu er að fyrir liggi tillaga stjórnar Kvótapingis, enda séu viðskipti með aflamark af viðkomandi tegund svo lítil að ekki séu að mati stjórnarinnar forsendur til myndunar markaðsverðs á tilboðsmarkaði.
- [4. Þegar um er að ræða flutning krókaaflamarks.]¹⁹

Tilkynna skal Fiskistofu fyrir fram um flutning aflamarks skv. 2. mgr. og öðlast hann ekki gildi fyrir en stofan hefur staðfest flutningina.

Allur flutningur aflamarks milli skipa, annar en um getur í 2. mgr., er óheimill nema að undangengnum viðskiptum á Kvótapingi. Fer um hann samkvæmt lögum um Kvótaping.

[Veiði fiskiskip minna en 50% af samanlögðu aflamarki sínu í þorskígildum talið tvö fiskveiðisár í röð fellur aflahlutdeild þess niður og skal aflahlutdeild annarra skipa í viðkomandi tegundum hækka sem því nemur.]¹⁹ Skal við mat á þessu hlutfalli miðað við verðmæti einstakra tegunda í aflamarki skips samkvæmt ákvörðun ráðuneytis í upphafi fiskveiðisárs. Viðmiðunarhlutfall, sem ákveðið er í þessari málsgrein, lækkar þó um 5% fyrir hverja fulla 30 daga sem skipi er haldið til veiða utan fiskveiðilandhelgi Íslands á fiskveiðisárinu á þeim tegundum sem ekki hefur verið samið um veiðistjórn á.

Teffist skip frá veiðum í sex mánuði eða lengur innan fiskveiðisárs vegna tjóns eða meiri háttar bilana hefur afli þess fiskveiðisárs ekki áhrif til niðurfellingar aflahlutdeilda ...¹⁹ samkvæmt þessari grein.

Á hverju fiskveiðisári er einungis heimilt að flytja af fiskiskipi aflamark, umfram aflamark sem flutt er til skips, sem nemur 50% af samanlögðu aflamarki sem fiskiskipi er úthlutað í upphafi fiskveiðisárs á grundvelli aflahlutdeilda þess. Í þessu sambandi skal aflamark metið í þorskígildum á grundvelli verðmætastuðla sem ráðherra ákveður í upphafi fiskveiðisárs. [Þó er heimilt með samþykki Fiskistofu að vikja frá þessari takmörkun á heimild til flutnings aflamarks í þeim tilvikum að um breytingar á skipakosti viðkomandi útgerðar sé að ræða og aflahlutdeildin sé jafnframt flutt milli viðkomandi

¹⁸ Þessi breyting er í samræmi við þá megin stefnu að bjóða aflahlutdeildir upp.

¹⁹ Vart verður séð ástæða til þess að þvinga öll viðskipti með aflaheimildir á Kvótaping, eftir að útgerðarmenn eru farnir að kaupa heimildirnar á opinberu uppboði. Það væri þó meinalaust að viðhalda þessu. Ef ákvæðin um Kvótaping eru felld brott þarf væntanlega að breyta lögum um Kvótaping til samræmis.

skipa.]¹⁾²⁾

[Krókaaflamark verður aðeins flutt til báta sem eru undir 6 brl. eða 6 brúttótonnum.]³⁾

¹⁾L. 1/1999, 6. gr. ²⁾L. 12/1998, 1. gr.

III. kafli.

Framkvæmd og eftirlit.

13. gr.

Ráðherra getur sett nánari reglur varðandi framkvæmd laga þessara.¹⁾

¹⁾Rg. 481/1990 og 499/1990. Rg. 58/1996, sbr. 172/1997. Rg. 414/1994, sbr. 452/1994. Rg. 492/1993, sbr. 482/1994. Rg. 612/1994. Rg. 310/1995. Rg. 511/1998. Rg. 522/1998.

14. gr.

Sérstök samráðsnefnd, skipuð einum fulltrúa tilnefndum sameiginlega af samtökum sjómanna og einum tilnefndum af samtökum útvegsmanna, auk formanns sem skipaður er af ráðherra án tilnefningar, skal fjalla um álita- og ágreiningsmál varðandi veiðileyfi, úthlutun aflahlutdeildar og aflamark samkvæmt lögum þessum og reglugerðum settum samkvæmt þeim og gera tillögur til ráðherra um úrlausn þeirra.

15. gr.

Skipstjórnarmenn veiðiskipa, sem hljóta veiðileyfi í atvinnuskyni skv. 5. gr., skulu halda sérstakar afladagbækur sem [Fiskistofa]¹⁾ leggur til. Skal með reglugerð kveða nánar á um þær upplýsingar sem skrá skal í afladagbækur, form þeirra og skil til [Fiskistofu].¹⁾

Útgerðarmönnum, skipstjórnarmönnum og kaupendum afla, svo og umboðsmönnum, útflytjendum, flutningsaðilum, bönkum og lánastofnunum, er skylt að láta ráðuneytinu eða [Fiskistofu]¹⁾ ókeypis í té og í því formi, sem ráðherra ákveður, allar þær upplýsingar sem unnt er að láta í té og nauðsynlegar eru taldar vegna eftirlits með framkvæmd laga þessara.

¹⁾L. 36/1992, 10. gr.

16. gr.

...¹⁾

¹⁾L. 57/1996, 31. gr.

17. gr.

[Fiskistofa]¹⁾ annast eftirlit með framkvæmd laga þessara og hefur í því skyni sérstaka eftirlitsmenn í sinni þjónustu.

Jafnframt því sem þessir eftirlitsmenn sinna verkefnum skv. 8. gr. laga nr. 81 31. maí 1976²⁾ og eftirliti með reglum settum samkvæmt heimild í þeim lögum skulu þeir fylgjast með löndun, vigtun og vinnslu afla, enn fremur útflutningi afla eða afurða eins og nánar er kveðið á í lögum þessum, reglugerðum settum samkvæmt þeim og í erindisbréfi.³⁾

Eftirlitsmönnum er heimilt að fara í veiðiferðir með fiskiskipum og að fara um borð í skip til athugunar á farmi og veiðarfærum. Enn fremur skal þeim heimill aðgangur að öllum vinnslusölum fiskverkana og birgðageymslum.

[Ráðherra getur með reglugerð ákveðið að settur skuli, á kostnað útgerða, sjálfvirkur eftirlitsbúnaður til fjareftirlits um borð í fiskiskip.]⁴⁾

¹⁾L. 36/1992, 12. gr. ²⁾Nú l. 79/1997. ³⁾Erbr. 87/1995. ⁴⁾L. 83/1995, 5. gr.

Ráðherra skal með reglugerð ákveða sérstakt gjald — veiðieftirlitsgjald⁴⁾ — fyrir veiðiheimildir sem veittar eru á grundvelli laga þessara eða annarra laga er kveða á um stjórn fiskveiða. Skal gjaldið renna til rekstrars veiðieftirlits ...²⁾ og skal upphæð þess miðast við að það standi undir rekstri eftirlitsins ...³⁾

Gjald vegna tilkynningar um aflamark skal miðast við áætlað verðmæti þess aflamarks sem úthlutað er. Skal ráðherra árlega áætla hlutfallslegt verðmæti einstakra tegunda í þessu skyni. Aldrei skal gjald samkvæmt þessari málsgrein vera hærra en [0,4%]³⁾ af áætluðu verðmæti þess afla sem aflamark skips heimilar veiðar á á komandi fiskveiðarári, vertíð eða veiðitímabili. Gjald fyrir hverja tilkynningu um aflamark skal þó aldrei vera lægra en [2.000 kr.]³⁾ og er sú fjárhæð grunntala er miðast við byggingarvísitölu í janúar 1991 og breytist í hlutfalli við þær breytingar sem síðar kunna að verða á henni.

[Innheimta skal sérstakt veiðieftirlitsgjald vegna báta sem stunda handfæraveiðar með dagatakamörkunum. Gjald samkvæmt þessari málsgrein skal innheimt árlega. Skal gjaldið vera jafnhátt gjaldi vegna tilkynningar um aflamark skv. 2. mgr. og gilda ákvæði þeirrar málsgreinar um gjald þetta eftir því sem við getur átt. Gjald samkvæmt þessari málsgrein skal innheimt samhliða gjaldi vegna almenns veiðileyfis skv. 4. mgr. Skal gjaldið miðast við landaðan afla á undanfarandi tímabili frá 1. ágúst til 31. júlí og skráningu landaðs afla í aflaupplýsingakerfi Fiskistofu.]⁴⁾

Fyrir veitingu almenns leyfis til veiða í atvinnuskyni og veiðileyfa, sem veitt verða á grundvelli 2. mgr. 4. gr., skal greiða [10.000 kr.]³⁾ Ráðherra er heimilt að hækka gjaldið er nemur hlutfallslegri hækkun er kann að verða á vísitölu byggingarkostnaðar, sbr. l. nr. 42/1987. Grunntaxti gjaldsins er miðaður við byggingarvísitölu í desember 1989, þ.e. 157,9 stig.

Útgerð skips skal greiða fæði veiðieftirlitsmanna og sjá þeim endurgjaldslaust fyrir aðstöðu meðan þeir stunda eftirlitsstörf um borð.

[Fyrir staðfestingu Fiskistofu á flutningi aflahlutdeildar milli skipa skal útgerð þess skips sem flutt er frá greiða 1.500 kr.

Gjald skv. [6. mgr.]⁵⁾ er grunngjald er miðast við byggingarvísitölu í janúar 1994 og breytist í hlutfalli við þær breytingar er á henni kunna að verða.]⁶⁾

⁴⁾Rg. 438/1996. Rg. 418/1997. ²⁾L. 87/1994, 11. gr. ³⁾L. 1/1992, 5. gr. ⁴⁾L. 1/1999, 7. gr. ⁵⁾L. 144/1995, 13. gr. ⁶⁾L. 87/1994, 12. gr.

IV. kafli.

Viðurlög o.fl.

19. gr.

[Fiskistofa skal svipta skip leyfi til veiða í atvinnuskyni fyrir brot á lögum þessum eftir því sem nánar er fyrir mælt í lögum um umgengni um nytjastofna sjávar.]¹⁾

¹⁾L. 57/1996, 26. gr.

20. gr.

[Brot gegn ákvæðum laga þessara, reglum settum samkvæmt þeim og ákvæðum leyfisbréfa varða sektum hvort sem þau eru framin af ásetningi eða gáleysi. Sé um stórfelld eða ítrekuð ásetningsbrot að ræða skulu þau að auki varða ...¹⁾ fangelsi allt að sex árum.

Við fyrsta brot skal sekt eigi nema lægri fjárhæð en 400.000 kr. og eigi hærri fjárhæð en 4.000.000 kr. eftir eðli og umfangi brots. Við ítrekað brot skal sekt eigi nema lægri fjárhæð en 800.000 kr. og eigi hærri fjárhæð en 8.000.000 kr., sömuleiðis eftir eðli og umfangi brots.

Beita skal ákvæðum laga um sérstakt gjald vegna ólögðs sjávarafla vegna brota gegn lögum þessum eftir því sem við á.]²⁾

¹⁾L. 82/1998, 195. gr. ²⁾L. 57/1996, 27. gr.

²⁰ Ekki er sanngjarnt að útgerðarmenn greiði fyrir aflaheimildirnar umfram það að sem þeir greiða á uppboðunum.

[20. gr. a.

Sektir má jafnt gera lögaðila sem einstaklingi. Þrátt fyrir ákvæði 1. mgr. 20. gr. má ákvarða lögaðila sekt þótt sök verði ekki sönnuð á fyrirsvarsmenn eða starfsmenn hans eða aðra þá einstaklinga sem í þágu hans starfa, enda hafi brotið orðið eða getað orðið til hagsbóta fyrir lögaðilann. Með sama skilorði má einnig gera lögaðila sekt ef fyrirsvarsmenn eða starfsmenn hans eða aðrir einstaklingar sem í þágu hans starfa hafa gerst sekir um brot.

Tilraun og hlutdeild í brotum á lögum þessum er refsiverð eftir því sem segir í almennum hegningarlögum.]¹⁾

¹⁾L. 57/1996, 28. gr.

[20. gr. b.

Mál út af brotum gegn lögum þessum skulu sæta meðferð opinberra mála.]¹⁾

¹⁾L. 57/1996, 29. gr.

V. kafli.

Ýmis ákvæði.

21. gr.

...¹⁾

¹⁾L. 79/1997, 21. gr.

22. gr.

...

23. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi og koma til framkvæmda 1. janúar 1991. ...

Ákvæði til bráðabirgða. ...

I.-VIII.

...

[IX.

...]¹⁾

¹⁾L. 87/1994, brbákv.

[X.²¹

Á fiskveiðiarunum 1995/1996 til og með 1998/1999 skal árlega ráðstafa 5.000 lestum af þorski til jöfnunar samkvæmt þessu ákvæði. Aflaheimildir þessar miðast við óslægðan fisk og skulu þær dregnar frá leyfðum heildarafla þorsks áður en honum er skipt á grundvelli aflahlutdeildar, sbr. 3. mgr. 7. gr. Aflaheimildum skv. 1. mgr. skal árlega úthlutað til þeirra skipa sem orðið hafa fyrir mestri skerðingu við úthlutun aflamarks frá fiskveiðiarinu 1991/1992 til þess fiskveiðiárs er úthlutunin varðar. Skal úthlutunin framkvæmd eftir að ákvörðun hefur verið tekin um ráðstöfun aflaheimilda skv. 9. gr. og miðast við að skerðing umfram tiltekin mörk skuli að fullu bætt, þó þannig að ekkert skip fái meira en 10 lestir af þorski, miðað við slægðan fisk, í sinn hlut árlega. Skip, sem leyfi hafa til fullvinnslu botnfiskafla um borð, sbr. lög nr. 54/1992, skulu ekki njóta bóta samkvæmt þessu ákvæði.

Ráðherra skal með reglugerð¹⁾ kveða nánar á um úthlutun samkvæmt þessari grein. Skal hann m.a. kveða á um við hvaða tíma skuli miða aflahlutdeild. Þá er ráðherra heimilt að ákveða að lítið skuli í

²¹ Gildistími þessa ákvæðis er útrunninn.

heild á veiðiheimildir skipa í eigu sömu útgerðar varðandi bótaútreikning ef ástæða er til að ætla að reynt verði að hafa áhrif á bótaútreikning með millifærslu aflahlutdeildar milli skipa.

Á fiskveiðiarinu 1994/1995 skal úthluta sérstaklega til jöfnunar þeim hluta aflahámarks vegna línutvöföldunar skv. 6. mgr. 10. gr. sem ekki nýttist við línuveiðar í nóvember til febrúar. Skal þessum aflaheimildum úthlutað í samræmi við reglur 2. og 3. mgr. þessa ákvæðis eftir því sem við á og skal í þeim efnum miða við aflahlutdeild einstakra skipa 1. maí 1995.

Við ráðstöfun aflaheimilda skv. 9. gr. á því tímabili sem um getur í 1. mgr. þessa ákvæðis er heimilt að taka mið af breytingum í aflamarki sem orðið hafa á lengra tímabili en milli fiskveiðiaára.]²²⁾

¹⁾ ~~Rg. 446/1998.~~ ²⁾ L. 83/1995, brbákv. I.

[XI.

...]¹⁾²⁾

¹⁾ L. 144/1997, 2. gr. ²⁾ L. 83/1995, brbákv. II.

[XII.

...]¹⁾

¹⁾ L. 83/1995, brbákv. III.

[XIII.

...]¹⁾

¹⁾ L. 144/1995, 14. gr.

[XIV. ²²

Heimild til að framselja þorskaflahámark krókabáts til annars krókabáts eða báta, með því skilyrði að allt hámarkið sé flutt af viðkomandi bát, veiðileyfi falli niður og rétti til endurnýjunar sé afsalað, skal taka þegar gildi. Enn fremur skal heimild 2. mgr. 6. gr. a er varðar sjóstangaveiðimót þegar taka gildi.]²³⁾

¹⁾ L. 105/1996, brbákv. I.

[XV.

...]¹⁾

¹⁾ L. 105/1996, brbákv. II.

[XVI.

...]¹⁾

¹⁾ L. 133/1997, brbákv.

[XVII.

...]¹⁾

¹⁾ L. 144/1997, brbákv. I.

[XVIII.

...]¹⁾

¹⁾ L. 144/1997, brbákv. II.

[XIX. ²³

Sjávarútvegssráðherra skal fyrir lok fiskveiðiársins 1998/1999 láta kanna hvaða áhrif lögin hafi haft á íslenskan sjávarútveg, sérstaklega stöðu og möguleika einstaklingsútgerðarinnar. Skal ráðherra fyrir árslok 1999 leggja fyrir Alþingi skýrslu þar sem niðurstöður könnunarinnar verði birtar.]²⁴⁾

¹⁾ L. 12/1998, brbákv. I.

[XX.

Ákvæði 1. tölul. 2. efnismgr. 1. gr. laga þessara gilda einnig um flutning aflamarks skipa innan sömu útgerðar ef skip hafa verið tekin á kaupleigu eða leigu og þeir samningar verið gerðir fyrir gildistöku laga þessara.]²⁴⁾

¹⁾ L. 12/1998, brbákv. II.

²² Krókabátaákvæði sem er fellt brott sem og önnur slík.

²³ Úrelt ákvæði.

²⁴ Lagt til að greinin falli brott ásamt með hliðstæðu efni 12. gr. (tilvísun í 12. gr. er misrituð í gildandi lögum.)

[XXI.²⁵

Sé aflahlutdeild fiskiskipa í eigu einstakra aðila, einstaklinga eða lögaðila, eða í eigu tengdra aðila við gildistöku laga þessara yfir þeim mörkunum sem sett eru í 1., 2. eða 5. mgr. 1. gr. skal viðkomandi aðili þegar í stað senda Fiskistofu tilkynningu í samræmi við 1. mgr. 2. gr. Fiskistofa skal í samræmi við 2. mgr. 2. gr. tilkynna aðila hver umframaflahlutdeild hans er og gildir 2. mgr. 2. gr. um frest aðila til að ráðstafa umframaflahlutdeildinni og áhrif þess að umframaflahlutdeildinni er ekki ráðstafað innan tilskilins frests.]¹⁾

¹⁾L. 27/1998, brbákv. I.

[XXII.²⁶

Sjávarútvegsráðherra skal að liðnum fimm árum frá gildistöku laga þessara leggja fyrir Alþingi skýrslu þar sem gerð er grein fyrir áhrifum þeirra á íslenskan sjávarútveg.]¹⁾

¹⁾L. 27/1998, brbákv. II.

[XXIII.²⁷

Bátar sem stundað hafa veiðar með línu og handfærum með dagatakörkunum eða þorskaflahámarki, krókabátar, skulu á fiskveiðiarunum 1998/1999 og 1999/2000 stunda veiðar samkvæmt þessu ákvæði.

Krókabátum er einungis heimilt að stunda veiðar með línu og handfærum eða einungis með handfærum. Þó er sjávarútvegsráðherra heimilt að veita þeim leyfi til að stunda veiðar á botndýrum með þeim veiðarfærum sem til þarf, svo sem plógum og gildrum, svo og til hrognkelsaveiða í net.

Heildarþorskaflaviðmiðun krókabáta er 13,75% af ákvörðuðum heildarþorskafla. Þar af er samanlagt þorskaflahámark þeirra báta sem þann kost hafa valið 12,64%, heildarþorskaflaviðmiðun þeirra báta sem stunda veiðar með dagatakörkunum og nota línu og handfæri 0,18% og heildarþorskaflaviðmiðun þeirra báta sem stunda veiðar með dagatakörkunum og nota handfæri eingöngu 0,93%.

Heimilt er að framselja varanlega þorskaflahámark krókabáts til annars krókabáts eða báta sem stunda veiðar með þorskaflahámarki. Innan fiskveiðiárs er heimilt að flytja allt að 30% af úthlutuðu þorskaflahámarki krókabáts til annars krókabáts eða báta sem stunda veiðar með þorskaflahámarki. Heimilt er að flytja allt að 20% af þorskaflahámarki frá fiskveiðiarinu 1998/1999 yfir á fiskveiðiaríð 1999/2000. Enn fremur er heimilt að flytja til krókabáts á þorskaflahámarki aflamark af þorski skv. 7. gr. Um þann flutning gilda almennar reglur um flutning aflamarks. Tilkynna skal Fiskistofu fyrir fram um flutning þorskaflahámars milli báta og öðlast hann ekki gildi fyrir en Fiskistofa hefur staðfest flutninginn. Heimilt er að veita báti, sem stundað hefur veiðar með tilteknum fjölda sóknardaga síðastliðin tvö fiskveiðiár, leyfi til að stunda veiðar með þorskaflahámarki þess í stað, en reiknað þorskaflahámark bátsins verður þá áfram hluti sameiginlegs hámarksþorskafla báta sem stunda veiðar samkvæmt dagatakörkunum.

Sóknardagur telst vera allt að 24 klukkustundir frá upphafi veiðiferðar. Sóknardegi telst lokið þegar bátur landar aflla. Ráðherra skal með reglugerð kveða nánar á um fyrirkomulag sóknardaga og eftirlit með þeim. Utan sóknardaga eru allar veiðar bannaðar. Ráðherra getur þó heimilað að veiðar í sérhæfð veiðarfæri samkvæmt síðari málslíð 2. mgr. þessa ákvæðis, sem og veiðar með sérhæfðri línu til veiða á háffiskum, séu utan sóknardaga.

Fjöldi sóknardaga þeirra báta sem stunda veiðar með dagatakörkunum og nota línu og handfæri skal vera 32 á hvoru fiskveiðiarí 1998/1999 og 1999/2000. Ef bátur rær með línu skal margfalda fjölda nýtttra daga með tölunni 1,9 á tímabilinu frá 1. maí til 1. september en með tölunni 1,35 á öðrum tíma. Þorskafla hvers báts má þó eigi vera meiri en 30 lestir á hvoru fiskveiðiarí miðað við óslægðan fisk.

Sé einn maður í áhöfn krókabáts er óheimilt að róa með og eiga í sjó fleiri en 12 bala alls af línu fyrir hvern sóknardag en 20 bala séu tveir eða fleiri í áhöfn. Miðað er við að 500 krókar séu á línu í hverjum bala.

Fjöldi sóknardaga þeirra báta sem veiðar stunda með dagatakörkunum og nota handfæri eingöngu skal vera 40 á hvoru fiskveiðiarí 1998/1999 og 1999/2000. Þó skal þorskafla hvers báts eigi vera meiri en 30 lestir á hvoru fiskveiðiarí miðað við óslægðan fisk.

²⁵ Þessi grein er úrelt.

²⁶ Ekkert sakar að hafa þetta ákvæði inni.

²⁷ Smábátaákvæði, sem er þegar úrelt eða fellur brott með 6. gr.

Heimilt er að flytja veiðileyfi frá krókabáti sem leyfi hefur til að veiða samkvæmt þessu ákvæði til annars jafnstörs krókabáts miðað við rúmtölu. Óheimilt er að flytja veiðileyfi til krókabáts sem er stærri en sá krókabátur sem veiðileyfi lætur nema jafnframt sé flutt veiðileyfi af öðrum krókabáti sem er þrefalt stærri að rúmtölu en sem stækkuninni nemur. Slikur bátur má þó ekki verða stærri en 6 brúttótonn. Óheimilt er að flytja veiðileyfi frá báti sem stundar veiðar með þorskaflahámarki til báts sem stundar veiðar með tilteknum fjölda sóknardaga.

Óheimilt er að stækka krókabát nema flutt sé veiðileyfi af öðrum báti sem er þrefalt stærri að rúmtölu en sem stækkuninni nemur. Óheimilt er að flytja veiðileyfi frá báti sem stundar veiðar með þorskaflahámarki til báts sem stundar veiðar með tilteknum fjölda sóknardaga. Slikum báti má þó aldrei breyta svo að hann verði stærri en 6 brúttótonn.

Ráðherra getur ákveðið að affli teljist ekki til þorskaflahámarks og veiðidagar ekki til sóknardaga á tilteknum fjölda opinberra sjóstangaveiðimóta á fiskveiðiárunum 1998/1999 og 1999/2000.

Áætlaðan afla krókabáta á fiskveiðiárinu 1999/2000 skal draga frá leyfðum heildarafla áður en honum er skipt á grundvelli aflahlutdeildar.

Innheimta skal sérstakt veiðieftirlitsgjald vegna báta sem stunda veiðar samkvæmt þessu bráðabirgðaákvæði. Skal gjaldið vera jafnhátt gjaldi vegna tilkynningar um aflamark skv. 2. mgr. 18. gr. laganna og gilda ákvæði þeirrar málsgreinar um gjald þetta eftir því sem við getur átt. Gjald samkvæmt þessari málsgrein skal innheimt samhliða gjaldi vegna almenns veiðileyfis skv. 4. mgr. 18. gr. Skal gjaldið miðast við landaðan afla á undanfarandi tímabili frá 1. ágúst til 31. júlí og skráningu landaðs afla í aflaupplýsingakerfi Fiskistofu.

Þrátt fyrir ákvæði þessa bráðabirgðaákvæðis skal þeim bátum sem stundað hafa veiðar með línu og handfærum eða handfærum eingöngu með dagatakniörkunum gefast kostur á að velja að stunda veiðar samkvæmt ákvæðum 6. gr. laganna, enda hafi þeir tilkynnt Fiskistofu um val sitt fyrir [15. apríl 1999].¹⁾ Á fiskveiðiárunum 1998/1999 og 1999/2000 skal þessum bátum heimilt að stunda veiðar í 23 sóknardaga á takmarkana á heildarafla. Að öðru leyti gildir bráðabirgðaákvæði þetta um veiðar þessara báta.²⁾

[Þrátt fyrir ákvæði þessa bráðabirgðaákvæðis er heimilt að veita báti sem stundað hefur veiðar með tilteknum fjölda sóknardaga og kys að stunda veiðar með krókaafلامarki frá og með fiskveiðiárinu 2000/2001 leyfi til að stunda veiðar með þorskaflahámarki frá og með 15. apríl 1999 og til upphafs fiskveiðiársins 2000/2001. Úthlutað þorskaflahámark báts þann tíma skal vera hið sama og reiknað krókaafلامark hans samkvæmt ákvæði til bráðabirgða II í lögum nr. 1/1999. Á tímabilinu skulu að öðru leyti gilda sömu reglur og takmarkanir um veiðar þessara báta og annarra báta sem stunda veiðar með þorskaflahámarki, þar með talið um framsal þorskaflahámarksins. Á fiskveiðiárinu 1998/1999 skal draga frá úthlutaðu þorskaflahámarki þann þorskafla sem bátar skv. 1. málsl. þessarar málsgreinar hafa aflað fram til 15. apríl 1999. Hafi bátur aflað meira á því tímabili en sem nemur úthlutaðu þorskaflahámarki er honum óheimilt að stunda veiðar fyrir en flutt hefur verið á hann þorskaflahámark sem samsvarar umframveiði. Tilkynna skal Fiskistofu fyrir 15. apríl 1999 hvort óskað er eftir því að nýta heimild skv. 1. málsl. Um ákvörðun aflahlutdeildar þeirra báta, sem kjósa að stunda veiðar með þorskaflahámarki samkvæmt þessari málsgrein, í ýsu, ufsa og steinbit skal fara samkvæmt þeim reglum sem gilda um úthlutun til báta sem stundað hafa veiðar með dagatakniörkunum, sbr. 5. mgr. ákvæðis til bráðabirgða II í lögum nr. 1/1999.]¹⁾

¹⁾L. 9/1999, 2. gr. ²⁾L. 1/1999, bráðkv. 1.

[XXIV. ²⁸

Fyrir upphaf fiskveiðiársins 1999/2000 skal krókabátum úthlutað aflahlutdeild samkvæmt þessu ákvæði:

Bátar sem stundað hafa veiðar með þorskaflahámarki skulu fá úthlutað aflahlutdeild í þorski miðað við þá hlutdeild sem aflahámark bátsins er í þeim 12,64% af hámarksþorskafla sem í hlut þessa bátaflokks hefur komið.

Þeirri 0,18% hlutdeild í hámarksþorskafla sem komið hefur í hlut báta sem stunda veiðar með línu og handfærum með dagatakniörkunum, auk aflahlutdeildar í þorski sem nemur 95 lestum miðað við óslægðan fisk, skal skipt milli báta á grundvelli aflareynslu þannig að 80% séu miðuð við aflareynslu fiskveiðiárin 1996/1997 og 1997/1998 og 20% séu miðuð við reiknað þorskaflahámark skv. 2. gr. laga nr. 83/1995. Þó skal enginn bátur fá minni aflaheimild en 500 kg. miðað við óslægðan fisk.

Þeirri 0,93% hlutdeild í hámarksþorskafla sem komið hefur í hlut báta sem stunda veiðar með handfærum eingöngu með dagatakniörkunum, auk aflahlutdeildar í þorski sem nemur 506 lestum

²⁸ Verður úrelt þegar lögin taka gildi.

miðað við óslægðan fisk skal skipt milli báta á grundvelli aflareynslu þannig að 80% séu miðuð við aflareynslu fiskveiðiarin 1996/1997 og 1997/1998 og 20% séu miðuð við reiknað þorskaflahámark skv. 2. gr. laga nr. 83/1995. Þó skal enginn bátur fá minni aflaheimild en 500 kg. miðað við óslægðan fisk.

Samanlögð hlutdeild krókabáta í hámarksaflla af ýsu, ufsa og steinbít skal vera jöfn meðalhlutdeild þeirra í heildarafla af hverri þessara tegunda almanaksárin 1996, 1997 og 1998 og skal hún skiptast milli veiðikerfa þeirra í sömu innbyrðis hlutföllum og þorskur skv. 2. 4. mgr. Í flokki báta sem stundað hafa veiðar með þorskaflahámarki skal hlutdeild af ýsu, ufsa og steinbít skiptast í hlutfalli við veiðar hvers báts um sig á þessum árum og skal í þeim samanburði miðað við tvö bestu ár hvers báts af árunum 1996, 1997 og 1998. Við útreikning þennan skal afli árið 1998 margfaldaður með tveimur. Í flokkum báta sem stundað hafa veiðar með dagatakörkunum skal hlutdeild af ýsu, ufsa og steinbít skiptast jafnt milli báta innan hvors flokks um sig.

Það aflamark sem úthlutað er á grundvelli aflahlutdeildar samkvæmt þessu ákvæði (krókaafلامark) er óheimilt að nýta á annan hátt en við línu og handfæraveiðar. Aflahlutdeild og aflamark samkvæmt þessu ákvæði verður ekki flutt til báts sem hefur aðra gerð veiðileyfis.¹⁾

[Veiðar krókabáta á krókaafلامarki úr öðrum stofnum en tilgreindum eru ekki bundnar aflatakörkunum.]²⁾

¹⁾L. 1/1999, brbákv. II. ²⁾L. 9/1999, 3. gr.

[XXV.]³⁰

Á fiskveiðiarunum 1999/2000 til og með 2005/2006 skal úthluta fjarlega 3.000 lestum af þorski.¹⁾ Þessum aflaheimildum skal úthlutað til báta sem höfðu aflahlutdeild 1. desember 1998 [og voru þann dag] minni en 200 brúttótonn, enda hafi þeir landað þorskafla á fiskveiðiarinu 1996/1997 eða 1997/1998. Aflaheimildir þessar miðast við óslægðan fisk og skulu þær drognar frá leyfðum heildarafla þorsks áður en honum er skipt á grundvelli aflahlutdeildar. Úthlutun til einstakra báta skal miðast við heildaraflamark þeirra í þorskigildum talið. Við útreikning þennan skal miða við aflahlutdeildarstöðu þeirra 1. desember 1998, úthlutað heildaraflamark fiskveiðisársins 1998/1999 og verðmætastuðla á því fiskveiðiári, þó þannig að enginn bátur fái meira en 100% aukningu á þorskaflamarki og enginn hærri úthlutun en 10 lestir miðað við óslægðan fisk. Aldrei skal þó úthlutun samkvæmt þessari málsgrein leiða til þess að heildaraflaheimildir einstakra skipa verði meiri en 450 þorskigildislestir samtals. [Endurnýi útgerð bát sem á rétt á úthlutun samkvæmt þessari málsgrein, með nýsmíði eða kaupum á öðrum bát, skal úthluta til þess báts er í staðinn komur, enda hafi allar aflaheimildir verið fluttar yfir á hinn nýja bát af þeim sem verið er að endurnýja og ekki samið um annað. Tilkynna skal Fiskistofu um slíka endurnýjun og hvorum bátinum skal fylgja úthlutun samkvæmt þessari málsgrein. Jafnframt skal sjávarútvegsráðherra heimilt að úthluta samkvæmt reglum þessarar málsgreinar viðbótar aflaheimildum til báta sem hafa komið í stað annarra á tímabilinu frá 1. september 1997 til gildistöku þessara laga, enda hafi allar aflaheimildir verið fluttar yfir á hinn nýja bát af þeim sem endurnýjaður var og skerðir slík úthlutun ekki rétt annarra samkvæmt málsgreininni.]¹⁾

Þá skal úthluta aflahlutdeild í þorski til aflamarksbáta [sem voru minni en 10 brl. eða 10 brúttótonn 1. janúar 1991 eða 1. desember 1998],¹⁾ enda hafi þeir sömu eða meiri aflahlutdeild í þorski 1. september 1999 en 1. desember 1998 og hafi landað þorskafla á fiskveiðiarinu 1996/1997 eða 1997/1998. Þorskaflahlutdeild þessara báta skal aukin um 5% miðað við aflahlutdeildarstöðu þeirra 1. desember 1998.

Við upphaf fiskveiðisársins 1999/2000 skal endurreikna aflahlutdeildir einstakra fiskiskipa að toknu tilliti til þeirra breytinga sem leiðir af ákvæðum til bráðabirgða II og III.²⁾

¹⁾L. 9/1999, 4. gr. ²⁾L. 1/1999, brbákv. III.

[XXVI.]³¹

Á fiskveiðiarunum 1999/2000 til og með fiskveiðisársins 2005/2006 hefur Byggðastofnun árlega til ráðstöfunar aflaheimildir sem nema 1.500 þorskigildislestum, miðað við óslægðan fisk, til að styðja byggðarlög sem lent hafa í vanda vegna samdráttar í sjávarútvegi. Skal þeim úthlutað í samráði við viðkomandi sveitarstjórnir. Aflaheimildir skulu vera í þorski, ýsu, steinbít og ufsa í hlutfalli við leyfðan heildarafla af þessum tegundum. Aflaheimildir þessar miðast við óslægðan fisk og skulu þær drognar frá leyfðum heildarafla þessara tegunda áður en honum er skipt á grundvelli aflahlutdeildar.¹⁾

¹⁾L. 1/1999, brbákv. IV.

²⁹ Fellur brott með 6. gr.

³⁰ Ívilnunarákvæði sem er óþarft eftir að allt er komið á markað.

³¹ Virðist óþarft eftir að allar veiðiheimildir eru komnar á markað.

Sjávarútvegsráðherra skal skipa nefnd til að endurskoða lög um stjórn fiskveiða. Skal þeirri endurskoðun lokið fyrir lok fiskveiðiársins 2000/2001.³³

³² L. 1/1999, brátt. V.

Gildistökuákvæði breytinganna

[Breytingarnar] öðlast gildi 1. september árið 2000.

Ákvæði 7. gr. öðlast þó þegar gildi. Sú skerðing aflahlutdeilda, sem 3. mgr. 7. gr. kveður á um, kemur fyrst til framkvæmda við upphaf fiskveiðiársins 2000/2001 og miðast við þær aflahlutdeildir sem hvert skip hefur í lok fiskveiðiársins 1999/2000.³³

³² Úreitt.

³³ Ákvæði þessa málsliðar á að vera óþarft, en er þó haft til að taka af allan vafa.